



Faghópur 3

Fundargerð 11. fundar

Orkustofnun, 13. nóv. 2009, kl. 10:00-12:30

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar, 26. okt., var samþykkt.
2. **Landsnet.** Guðmundur Guðmundsson gerði grein fyrir samtölum sínum við starfsmann Landsnets sem lýst hafði sig tilbúinn að rétta fram hjálparhönd en ljóst er að slíkt samráð er fallið á tíma.
3. **Aðferðafræði faghóps 3.** Kjartan gerði grein fyrir framlagi sínu á kynningarfundi 30. okt. (Sjá glærukynningu hans á heimasíðu.) Í framhaldi af því var almennt rætt um tilgang og markmið rammaáætlunar. Kjartan varpaði fram tveimur grundvallarspurningum sem hlyti að vera útgangspunktur í niðurstöðum faghópsins: „Hvaða möguleikar skapar orkunýtingin? Hvaða möguleika tekur hún í burtu?“ Staðreyndin er sú að tilkoma virkjana skapar möguleika og má nefna sem dæmi Austurland, NV-land og jafnvel SV-land. Afar erfitt er að meta virkjunarkosti þegar ekkert er vitað um mögulega nýtingu og á hvaða verði selja megi orkuna. Í byggðalegu tilliti snýst dæmið í stórum drattum um stærð virkjunar m.t.t. stærð efnahagslífsins á svæðinu. Af þessum sökum er mikilvægt að niðurstöðum hópsins fylgi almenn umfjöllun þar sem gert er grein fyrir hinu flókna samspili verkefnisins og örðugleikum með að leggja fram „konkret“ niðurstöður. Kjartan ályktaði síðan að helsta vandamálið væri að leggja fram röklega niðurstöðu út frá þeim gögnum sem hópurinn hefur safnað saman og rýnt í. „Það vantar brú á milli þess sem við höfum skoðað og formúlunnar sem höfum hannað.“ Kjartan lagði fram minnisblað sem hafði að geyma vísi að slíkri brú. Þar komu fram helstu viðföng sem skilgreind hafa verið og mat byggist á : 1) Viðfang verður að skipta miklu máli fyrir marga og 2) hvert viðfang er mjög breytilegt á milli einstakra virkjunarkosta. Eftir umræður um minnisblaðið var ákveðið að hver hópmeðlimur geri tilraun til það fylla út blaðið fyrir næsta fund. M.a. hvort upp talin viðföng/víddir skipti raunverulegu máli við mat .
4. **Minnisblað Daða.** Í umræðum um aðferðafræðina kynnti Daði minnisblað sitt frá síðasta fundi. Fram kom að um væri að ræða tilraun til að gefa viðföngum einstakra virkjunarkosta einkunn og ástæða væri til að ræða um hvaða einkunnaskala skyldi styðjast við. Fram kom tillaga um að nota skalann 0-5. Í minnisblaði Daða er rætt um „rentu“ virkjunarkosta þar sem átt er við arðsemi (orkuframléiðsla x fast meðalverð). Gengið er út frá því að öll orka fari á einn markað og beri því „markaðsverð“. Ítrekað var að einstök viðföng hafa mis mikla þýðingu fyrir ólíka virkjunarkosti. Og verulegu máli skipti hvort ráðist sé í framkvæmdir á þenslutíma eða ekki. Við mat á kostum er mikilvægt að fá upplýsingar frá faghópi 4 um

tengikostnað virkjunarkosta. Ákveðið var að Daði haldi áfram á sömu braut og gefi fleiri kostum einkunnir.

5. **Næsti fundur** verður haldinn á Akureyri 23. nóv. Í millitíðinni munu meðlimir staðsettir nyrðra ræða saman um félagslegar víddir einkunna lista (mán. 16. nóv. kl. 10:00-12:00). Einnig munu Kjartan, Jóhannes og Kjartan spjalla saman um framhaldið.